

1983 nr. 7 8. mars**Lög um Þjóðsöng Íslendinga**

- **1. gr.** Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó Guð vors lands“, ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörns-sonar.
- **2. gr.** Þjóðsöngurinn er eign íslensku þjóðarinnar, og fer forsætisráðuneytið með umráð yfir útgáfurétti á honum.
- **3. gr.** Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri

mynd en hinni upprunalegu gerð. Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

- **4. gr.** Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsætisráðherra úr.
- **5. gr.** Með forsetaúrskurði skal setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins, ef þörf þykir.
- **6. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.